

Fundur 3.3.2025 Boris Spassky.

Komið þið öll blessuð og sæl.

*Já góða kvöldið, gott kvöld.*

Mikil eru undrunarefnin að tala hér til ykkar um langan veg og veit ég til þess að ekki hafa nógu margir af minni þjóð talað til ykkar.

En hef ég ekki náð fullum kröftum eftir umskiptin og er undrun mín mjög mikil yfir öllu þessu sem ég upplifi.

En var mér sagt að magnaður ég sé, af fleiri þjóðum en minni eigin og mér sé því unnt að tala til ykkar og hjálpi það mér að ná fullum kröftum á framlífs hnetti.

Eru þetta mér allt undrunarefni sem við mér blasa og sem ég skynja og eru margir hér á þessum hnetti mínum sem hafa vilja til þess að komast í sambandið, en hefur ekki tekist.

Og fara fyrstu dagarnir í þá miklu undrun, að maður trúir því varla sem hefur gerst, en líkamlega er ég búinn að ná kröftum, en það er eins og einhver svimi sé samt ekki horfinn, sem fylgir stundum umskiptunum, en líkaminn er óðum að hressast og finn ég hrukum fækka og lífsafl aukast.

Kannast ég við mig í spegli og var mér sagt frá undirstöðu atriðum kenningar þessarar, og að einungis þetta litla land í norðri hafi uppgötvað þessi sannindi og hópur ykkar.

Já vildi ég gjarnan koma í sambandið og hér er glæsileg stjörnusambandsstöð og forfeður mínir munu hafa byggt hana og mun vera skyldleiki á milli þjóðanna.

Og höfðu þeir fyrirmyndir í Guðanna ríki og reistu þeir þessar stjörnusambandsstöðvar og hefur þjóð minni tekist að betrumbæta þær eins og ykkar þjóðum.

Og eru það mikil undrunarefni að vera hingað kominn og var mér sagt frá því að margskonar helstefnu áhrif séu þess valdandi að sumir af okkar ungu mönnum sem falla í styrjöldinni miklu fari á miður góða staði og sé ég því heppinn að lenda á þessum góða stað. Og er ég sífellt að læra eitthvað nýtt. Og,

*Ekki ert þú Spassky?*

Já Boris Spassky.

*Já mig grunaði það frá byrjun.*

*Vertu velkominn.*

Kann ég ykkar góðu þjóð, góðar þakkir og voru það eftirminnilegar stundir hjá ykkur og hafði áhrif á minn feril vissulega.

*Já þetta var merkilegt einvígi.*

Já já og er það mikilvægt að ég komist í sambandið og vonandi eflist friðar tengsl við mína þjóð þótt óheppilegt sé margt sem gerist í þeirri stjórn, en mun það vonandi færast í betra horf og veit ég að margir hafa átt í viðskiptum með fisk og annan varning og er það mikilsvert að það verði tekið upp að nýju þegar friður færast á heimsbyggðina meira.

*Já, já.*

En ég náði hér einnig tengslum við minn gamla mótherja Fisher, en ekki nema stutta stund, og fann ég að við erum sammála um sumt og merkileg ævi sem hann hefur átt á ykkar jörð og hér í þessum heimi, en

*Við höfum heyrt í honum nokkrum sinnum.*

Já.

*Og erum að bíða eftir að hann komi aftur.*

Já, er hér mikil orka og er hér fólk af minni þjóð og held ég að þau vilji senda ykkur góða kveðju og halda tengslum við ykkar land, það er hin gamla kynslóð sem þekkir uppruna Rússlands í gegnum væringjana og mætti það vera betur viðurkennt af minni þjóð, en hér í framlífi er það viðurkennt að fullu.

Já mér líður vel og reyni ég að senda friðarkveðjur, get ég ekki kvatt betur en það.

Reyni ég að koma síðar, þegar ég verð betur búinn að ná mér.

Verið þið sæl og þakka fyrir gott hljóð.

*Ég þakka þér fyrir komuna og vertu blessaður og takk fyrir að koma.*

*Gangi þér allt í haginn.*

Takk.